

Til sveitastjórnar Dalabyggðar.

Svarbréf frá fjallskilanevnd Laxárdals vegna ummæla Eyjólfssonar á fundi sveitastjórnar nr 250 þann 17.10.2024

Fjallskilanevnd undrast á ummælum Eyjólfssonar undir lið 9.5 og 9.6 og viljum gera athugasemdir við nokkur atriði.

Fjallskilanevnd Laxárdals hefur ekki fengið athugasemdir um álagningu fjallskila frá fjáreigendum í Laxárdal né beiðni um fund við nefndina.

Viljum benda Eyjólfsson á að sem sveitastjórnarmaður þá beri honum að hafa ákvæði stjórnarsýslulaga sér til hliðsjónar. Og ef hann hefði sinnt rannsóknarskildu sinni þá hefði hann vitað að smölun sem framkvæmd var á Hömrum í Laxárdal þann 27. September var fyrsta leit. Var því gefið tækifæri að framkvæma aðra leit þann 28. September. Sem ekki var gert.

Fjallskilanevnd Laxárdals ber að fara eftir fjallskilasamþykkt Dalabyggðar sem er frá 2011.

Við fögnum frekari samtali við nærliggjandi héruð um betri og skilvirkari fjallskil, en könnunumst jafnframt ekki við ágreining við nærliggjandi fjallskiladeildir .

Formaður fjallskiladeildar fyrrverandi Bæjarhrepps kannaðist heldur ekki við ágreining þegar haft var samband við hann.

Má einnig benda á að Laxdælingar skila 13 dagsverkum í Bitru, fyrir utan eftirleitir, í samstarfi við Hrútfirðinga og Strandamenn.

Að lokum langar okkur að fá nánari útskýringu á því hvað formaður deildar sauðfjárbænda átti við þegar hann talar um að svona vinnubrögð tíðkist ekki í öðrum löndum.

Vill formaðurinn kom á vörsluskildu og þar með banni á lausagöngu sauðfjár?

Fjallskilanevnd Laxárdals

30. Október 2024